

## GJALDSKRÁ 2019 fyrir hundahald í Dalvíkurbyggð.

### 1. gr.

Við skráningu hunda skal greiða skráningargjald kr. 2.963,-

### 2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunda kr. 9.116,- Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

### 3. gr.

Af hundum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 14. gr. samþykktar um hundahald í Dalvíkurbyggð skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhendur hundurinn á ný. Ef hundur er ekki örmerktur samkvæmt 9. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðar hundar ber að innheimta kr. 5.696,- vegna handsömunar og gjald fyrir fóður og vistun samkvæmt kosnaði. Gjald fyrir örmerkingu hunda fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluvísitölu, grunnur 1988, september 2016 (438,5 stig) sem uppreiknast í september ár hvert miðað við gildandi neyslurvísitölu.



DALVÍKURBYGGÐ

**Samþykkt í landbúnaðaráði Dalvíkurbyggðar 4. september 2018**  
**Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 18. desember 2018**

**Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2019**